

Haldið er óreglulegt dómþing aga- og úrskurðarnefndar Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ) fimmtudaginn 11. apríl 2024.

Fyrir er tekið:
endurupptekið agamál nr.
41/2023-2024
Körfuknattleikssamband Íslands
gegn
DeAndre Kane

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR

I.

Mál þetta var upphaflega mótttekið af hálfu aga- og úrskurðarnefndar þann 30. mars 2024. Kærandi er körfuknattleikssamband Íslands, kt. 710169-1369, Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

Kærð eru háttsemi leikmanns Grindavíkur númer 7, DeAndre Kane í leik Stjörnunnar og Grindavíkur sem fram fór í Garðabæ þann 28. mars 2024.

II.

Atvik máls

Þann 30. mars 2024 barst aga- og úrskurðanefnd eftirfarandi lýsingu úr atvikaskýrslu dómara:

Um leið og leikklukkan hringdi til merkis um leikslök í lok fjórða leikhluta gekk leikmaður nr. 7 í liði UMFG Deandre Kane ógnandi að þriðja dómara leiksins og var mjög aggressívur í mótmælum sínum vegna atviks í lok leiks. Sú hegðun hefði a.m.k. verið tæknivilla innan leiktímans (og þar með hans önnur tæknivilla í leiknum).

Í ljósi nokkurra mótmæla í lok leiks þá gengu dómarar rակleitt aftur fyrir ritaraborð í leikslök og biðu gæslumanna þar. Það er staðlað verklag í slíkum aðstæðum með það að markmiði að draga úr líkum að þátttakendur leiks hegði sér með ósæmilegum hætti í garð dómara. Dómarar undirrituðu ekki leikskýrsluna heldur gáfu ritara leiksins fyrirmæli um að koma með leikskýrsluna í búningssklefa dómara til frágangs og undirritunar skv. stöðluðu verklagi FIBA eins og greint er frá í grein 46.10 "in the dressing room before signing the scoresheet". Við undirritun skýrslunnar lýkur afskiptum dómara af leiknum skv. grein 46.9 í leikreglum.

Þegar dómarar gengu frá ritaraborði með gæslumönnum til búningsherbergja, gekk leikmaður nr. 7 í liði UMFG Deandre Kane í áttina að dómurum og hrópaði

niðurlægjandi orð að þeim. Orðbragðið sem leikmaðurinn notaði gegn dómurunum gerði lítið úr þeim sem bæði sem persónum og einstaklingum en einnig sem fagmönnum. Hegðunin og orðbragðið var með þeim hætti að slík hegðun verðskuldar brottrekstur.

Skv. grein 9.7 þá lýkur leik þegar dómari staðfestir að leikklukkan hafi réttilega hringt til merkis um lok fjórða leikhluta eða framlengingar, eftir það er ekki hægt að dæma tæknivillur, óíþróttamannslegar villur eða víkja mönnum af leikvelli með brottrekstrarvillu. Þess vegna sýndu dómarar engin merki á staðnum heldur fylgja stöðluðu verklagi í leikreglum í grein 46.10 – öðrum punkti um að aðaldómari skuli skila nákvæmri skýrslu til viðeigandi keppnishaldara um alla óíþróttamannslega hegðun sem á sér stað eftir að leik lýkur en áður en að leikskýrsla er undirrituð af dómurum.

Hegðun leikmanns UMFG nr. 7 Deandre Kane verðskuldar svo sannarlega brottrekstur.

Að morgni 31. mars 2024 óskaði aga- og úrskurðarnefnd eftir skýringum frá dómurum leiksins um hvort hinn kærði hafi verið vísað af velli eður ei. Skýring sú barst aga- og úrskurðarnefnd þann 2. apríl 2024:

Skv. Leikreglum þá er ekki hægt að dæma eða ákvarða tækni- eða brottrekstrarvillur eftir að leik lýkur. Því var réttilega engin slík tákni skráð á leikskýrsluna fyrir undirritun eftir að leik lauk.

Það hefur aldrei tíðkast á Íslandi að skrá neitt á bakhlið skýrslunar þrátt fyrir að slíkt ákvæði hafi verið í leikreglum í amk áratugi. Verklagið hefur verið að senda skýrslu til aganefndar innan 24 tíma eða amk fyrir hádegi á mánudegi hafi leikurinn verið um helgi.

Óskaði aga- og úrskurðarnefnd þegar í stað eftir greinargerð frá Grindavík fyrir lok næsta dags, þ.e. 3. apríl 2024, í samræmi við 6. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál, sem kveður á um flýtimeðferð agamála í úrslitakeppni og við síðasta deildarleik. Engar athugasemdir bárust innan frestsins.

Að morgni 4. apríl 2024 var haft samband við Grindavík til að staðfesta hvort liðið hygðist nýta rétt sinn skv. 5. mgr. 6. gr. reglugerðar KKÍ um aga- og úrskurðarmál, á ný án svars.

Var málið því tekið til úrskurðar að morgni þann 8. apríl 2024 og kærði úrskurður í tveggja leikja bann eftir c-lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðar KKÍ um aga- og úrskurðarmál.

Að málinu loknu kom í ljós að beiðnir um greinargerð Grindvíkinga hafði ekki borist á rétt tölvupóstfang. Hefur þetta mál því verið tekið upp að nýju til úrskurðar og var þegar í stað óskað eftir athugasemdum frá Grindavík þann 8. apríl 2024, á ný með frest fyrir lok dags deginum eftir, þann 9. apríl 2024, og barst greinargerðin stuttu fyrir miðnætti þann dag.

III.

Greinargerð kærða

Greinargerð Grindavíkur er svohljóðandi:

Með tölvupósti frá skrifstofu KKÍ dags. 08.08.2024 er fulltrúi kkd. UMFG upplýstur um að atvikaskýrsla dómara úr leik Stjórnunnar og Grindavíkur sem fram fór hinn 28.03. sl. hafi verið send aga- og úrskurðarnefnd. Í sama pósti er óskað eftir sjónarmiðum kkd. UMFG í málinu og að þau berist eigi síðar en fyrir lok dags hinn 09.04.

Sjónarmið kkd. UMFG

Atvik I: Í atvikaskýrslu dómara kemur eftirgreint fram: „Um leið og leikklukkan hringdi til merkis um leikslok í lok fjórða leikhluta gekk leikmaður nr. 7 í liði UMFG Deandre Kane ógnandi að þriðja dómara leiksins og var mjög aggressivur í mótmælum sínum vegna atviks í lok leiks. Sú hegðun hefði a.m.k. verið tæknivilla innan leiktímans (og þar með hans önnur tæknivilla í leiknum).“

Þessari atvikalýsingu er mótmælt sem rangri. Hið rétta er að þegar 2,8 sekúndur eru eftir af leiktímanum (sumsé innan leiktímans) gengur leikmaður nr. 7 í liði UMFG, Deandre Kane að þriðja dómara leiksins, stöðvar í tilhlýðilegri fjarlægð, leggur báðar hendur á mjöðm og ávarpar dómurann með þessum orðum: „Virðulegi dómari ... Mér finnst rétti mínum hallað“. Eftir að leikklukkan hringdi í lok fjórða leikhluta blés þriðji dómari leiksins í flautu sína, gaf merki um að leik væri lokið og gekk rösklega á brott. Leikmaður Grindavíkur stóð hnípinn eftir og harmaði hlutskipti sitt og liðsins.

Til stuðnings framangreindri atvikalýsingu leggur kkd. UMFG fram eftirgreint myndskaið: <https://youtu.be/Cf-96F4d-IU>

Í 4. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál kemur fram að aga- og úrskurðarnefnd sé bundin af ákvörðun dómara leiks, t.d. varðandi brottvísun eða tæknivillu. Þrátt fyrir framangreint er aga- og úrskurðarnefnd heimilt að taka til meðferðar atvikaskýrslu dómara eða kæru á agabroti sem framið var án vitundar dómara leiksins eða dómari ekki vísað viðkomandi af leikvelli eða keppnisstað, ef gögn sýna á óbyggjandi hátt að brot hafi verið framið

Meint agabrot (eins og því er lýst í atvikalýsingu dómara) fór fram innan leiktíma og með vitund dómara. Var honum í lófa lagið að ákvarða leikmanninum tæknivillu, taldi hann tilefni til, sem hann ekki gerði. Gögn sýna ekki með óbyggjandi hætti að brot hafi verið framið og ber að skýra allan vafa um atvikið leikmanninum í hag. Það er því er ótæk niðurstaða að mati kkd. UMFG að aga- og úrskurðarnefnd ákvarði leikmanninum viðurlög vegna þessa atviks.

Atvik II: Í atvikalýsingu dómara kemur jafnframt eftirgreint fram: „Þegar dómurur gengu frá ritaraborði með gæslumönnum til búningsherbergja, gekk leikmaður nr. 7 í liði UMFG Deandre Kane í áttina að dómurum og hrópaði niðurlægjandi orð að þeim. Orðbragðið sem leikmaðurinn notaði gegn dómurum gerði lítið úr þeim bæði sem persónum og einstaklingum en einnig sem fagmönnum. Hegðunin og orðbragðið var með þeim hætti að slík hegðun verðskuldar brottrekstur.“

Kkd. UMFG mótmælir því að þessi atvikalýsing verði lögð til grundvallar í málinu. Við skoðun á atvikalýsingu dómara undir atviki I hér að framan og að virtum samanburði hennar við hið framlagða myndskaið má sjá að hún er röng í meginatriðum eða í besta falli stórlega ýkt. Þykir kkd. UMFG rétt að fulltrúar í aga- og úrskurðarnefnd skoði atvikalýsingu dómara í heild sinni í því ljósi. Þá er á það bent að erfitt er að setja fram andmæli við fullyrðingum dómara um að leikmaður hafi viðhaft niðurlægjandi og/eða lítillækkandi orðbragð í þeirra garð án þess að það sé tilgreint nánar. Verður það því ekki reynt hér. Aðför að starfsheiðri dómara lítur kkd. UMFG þó alvarlegum augum og styður eindregið áminningu eða ávitur í garð leikmannsins verði slík háttsemi staðreynd.

Viðurlög: Kkd. UMFG gerir þá kröfu að verði leikmanni nr. 7 í liði UMFG gerð viðurlög í málinu að þá verði gripið til vægustu mögulegra viðurlaga, þ.e. áminningar. Telji aga- og úrskurðarnefnd tilefni til að beita leikbanni er gerð sú krafa af hálfu kkd. UMFG að aðeins verði úrskurðað um eins leiks bann.

Í c-lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðar um aga og úrskurðarmál kemur m.a. fram að hafi einstaklingi verið vísað af leikvelli eða keppnisstað fyrir alvarlega grófan leik eða ósæmilega framkomu skal aga- og úrskurðarnefnd úrskurða viðkomandi í eins eða tveggja leikja bann. Við slíka ákvörðun skal nefndin líta til ásetnings, afleiðinga og hver sé brotapolí.

Í málinu liggur fyrir að leikmanni nr. 7 í liði UMFG var ekki vísað af leikvelli fyrir ósæmilega framkomu og mótmælir kkd. UMFG því að ummæli dómara í atvikaskýrslu um að ... „[h]egðunin og orðbragðið var með þeim hætti að slík hegðun verðskuldi brottrekstur“ verði ein og sér lögð til grundvallar í málinu við ákvörðun viðurlaga. Aga- og úrskurðarnefnd verður að leggja sjálfstætt mat á málið út frá fyrirliggjandi gögnum.

Þá ber að hafa í huga meginregluna um skýrleika refsheimilda í þessu sambandi. Ef til álíta kemur að úrskurða leikmann nr. 7 í liði UMFG í tveggja leikja bann á grundvelli c-liðar 1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar kallar kkd. UMFG eftir greinargóðum rökstuðningi í forsendum nefndarinnar fyrir þeirri niðurstöðu.

Kkd. UMFG bendir aga- og úrskurðarnefnd góðfúslega á að e.t.v. sé að réttara að heimfæra atvikið undir a-lið 1. mgr. 13. gr. verði lagt til grundvallar í málinu að leikmaður nr. 7 í liði UMFG hafi látið formælingar dynja á dómurum eftir að leik lauk.

Málsmeðferð: Kkd. UMFG gerir alvarlegar athugasemdir við meðferð málsins hjá aga- og úrskurðarnefnd sem og skrifstofu KKÍ. Atvikaskýrsla dómara var send á skrifstofu KKÍ laugardaginn 30. mars. Samdægurs sendir skrifstofa KKÍ atvikaskýrslu á fulltrúa aga- og úrskurðarnefndar og til fulltrúa kkd. UMFG (rangt netfang). Þriðjudaginn 2. apríl sendir skrifstofa KKÍ fulltrúa kkd. UMFG tölvupóst (aftur rangt netfang) og greinir frá því að aga- og úrskurðarnefnd kalli eftir sjónarmiðum kkd. UMFG og að þau þurfi að berast fyrir lok miðvikudagsins 3. apríl. Hinn 8. apríl sendir skrifstofa KKÍ fulltrúa kkd. UMFG tölvupóst (nú rétt netfang) með úrskurði í agamáli 41/2023-2024 þar sem leikmanni nr. 7 í liði UMFG er gert, með vísan til c-liðar 1. mgr. 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál, að sæta tveggja leikja banni sem taki gildi þegar. Úrskurður þessi er ódagsettur en samkvæmt skrifstofu KKÍ var hann kveðinn upp að morgni mánudagsins 8. apríl.

Í 9. gr. sömu reglugerðar kemur fram að aga- og úrskurðarnefnd skuli kveða upp úrskurði á miðvikudögum og skulu þeir birtir á heimasíðu KKÍ. Almennu skulu öll mál sem borist hafa til skrifstofu KKÍ með sannarlegum hætti fyrir klukkan 00:00 á mánudögum á undan tekin fyrir. Úrskurðir nefndarinnar varðandi agamál taka almennt gildi klukkan 12:00 á hádegi næsta fimmtudag frá birtingu þeirra.

Það er með öllu óskiljanlegt af hverju aga- og úrskurðarnefnd tók meðvitaða ákvörðun um að draga meðferð málsins fram yfir miðvikudaginn 3. apríl. Nefndin hafði undir höndum atvikaskýrslu dómara og mátti vera fullljóst um að málinu kynni að lykta með leikbanni kæmu ekki fram önnur gögn sem leitt gætu til annarrar niðurstöðu. Fimmtudaginn 4. apríl fór fram síðasti deildarleikur UMFG og framundan er úrslitakeppni. Hefði nefndin virt ákvæði 9. gr. reglugerðarinnar og kveðið upp úrskurð um leikbann miðvikudaginn 3. apríl hefði bannið tekið gildi á hádegi á fimmtudeginum 4. apríl (í deildarleik).

Nú liggur fyrir að aga- og úrskurðarnefnd hefur afturkallað eigin úrskurð í máli nr. 41/2023-2024 og í undirbúningi er nýr úrskurður. Kkd. UMFG treystir því að nefndin í þeim úrskurði gangi eins langt og henni er frekast unnt þegar hún horfir til íþyngjandi áhrif málsins á kærða við ákvörðun viðurlaga.

IV.

Niðurstaða

Líkt og fram kemur í atvikaskýrslu dómara og skýringum var ákvörðun dómara að leik loknum sú að háttsemi kærða verðskuldaði brottrekstrarvillu. Gert er ráð fyrir í gr. 46.10 í reglum leiksins (FIBA) að leikmaður geti hlotið brottrekstrarvillu að leik loknum. Í framkvæmd hefur verklagið á Íslandi verið að aga- og úrskurðarnefnd sé tilkynnt um slíka brottrekstrarvillu eins fljótt og auðið er, líkt og gert var í þessu máli, en hún ekki færð á bakhlið skýrslunnar. Af framangreindu er ljóst að hinn kærði hlaut brottrekstrarvillu í umræddum leik og er aga- og úrskurðarnefnd bundin af mati dómara að þessu leyti, sbr. og 4. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Nefndin leggur þannig ekki sjálfstætt mat á háttsemi kærða.

Samkvæmt c. lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðamál segir að hafi leikmanni verið vísað af keppnisstað vegna ósæmilegrar framkomu skuli úrskurða hann í eins eða tveggja leikja bann. Vægari refsingar koma ekki til álita.

Líkt og greinir að framan hafði úrskurðarnefnd þegar ákvarðað kærða refsingu sem nam tveggja leikja banni á grundvelli ákvæðins. Í ljósi þeirra sérstakra atvika sem leitt hafa til dráttar á málsmeðferð og að málið hafi verið tekið upp að nýju er það mat nefndarinnar sú refsing sé óhóflega þung. Leiddi það til að kærði glataði þátttökurétti í tveimur leikjum í úrslitakeppni, frekar en einum leik í deildarkeppni og einum í úrslitakeppni, líkt og ella hefði verið. Með vísan til þess þykir nefndinni réttara að úrskurða um eins leiks bann.

ÚRSKURÐARORÐ

Með vísan til ákvæðis c. liðar 1. mgr. 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál skal hinn kærði, DeAndre Kane, sæta eins leiks banni vegna háttsemi sinnar eftir leik Stjörnunnar og Grindavíkur, Subwaydeild karla, sem fram fór þann 28. mars 2024.

Jónas Már Torfason, formaður

Kristinn G. Kristinsson

Björn Atli Davíðsson

Úrskurðurinn er sendur skrifstofu KKÍ í tölvupósti og henni falið að birta hann fyrir málsaðilum. Úrskurðinn skal birta á heimasíðu KKÍ í samræmi við ákvæði 11. gr. reglugerðar KKÍ um aga- og úrskurðamál.

Með vísan í 5. mgr. 9. gr. reglugerðar KKÍ um aga- og úrskurðarmál tekur þessi úrskurður þegar gildi.